

Fréttabréf

Vor 2023

Ávöxtun sjóðsins

Lykiltölur úr ársreikningi

Ársfundur og ársskýrsla

Skattfrjáls ráðstöfun framlengd

Kaup á fyrstu íbúð – breytingar á lögum

Stapi skilar ekki auðu

Breyting á birtingu sjóðfélagayfirlita

Staða mála varðandi ÍL-sjóð

Umframséreign

Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Ávöxtun sjóðsins


Árið 2022 reyndist óhagstætt á eignamörkuðum. Verðbólga, vaxtahækkunar og órói vegna stríðsástands í Úkraínu hafði áhrif á eignaverð og flestir eignamarkaðir lækkuðu, bæði héraðs og erlendis. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var neikvæð um 4,2%.

Bæði innlend og erlend hlutabréf lækkuðu mikið í verði sem hefur minnkað vægi þessara eignaflokka á meðan vægi skuldabréfa í eignasafninu hefur aukist. Hvorki verðtryggð né óverðtryggð skuldabréf reyndust fullnægjandi vörn í þessum aðstæðum þar sem ávöxtunarkrafa þeirra hefur farið hratt hækkandi á árinu og verð þeirra því lækkað.

Hugmyndir fjármálaráðherra, sem settar voru fram í október sl., um slit á Íbúðalánasjóði höfðu veruleg áhrif á verð skuldabréfa útgefnum af sjóðnum. Nánar er fjallað um málefni ÍL-sjóðs aftar í fréttabréfinu.

Staða íslenska hagkerfisins er þrátt fyrir allt nokkuð góð, útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna sé nú að ná fyrri hæðum og samsetning þeirra er betri en oft áður. Hagvöxtur á síðasta ári reyndist umfram spár og hefur verið drifinn áfram af innlendri eftirspurn.

Erfiðlega hefur gengið að halda aftur af verðbólgu en hún fór hæst í 10,2% í febrúar síðastliðnum en lækkaði svo í mars í 9,8%.



Seðlabankinn hefur gripið til vaxtahækkana og eru stýrivextir nú 7,5%. Markaðsaðilar gera ráð fyrir því að Seðlabankinn muni á næstu fundum sínum enn og aftur þurfa að grípa til frekari vaxtahækkana.

Langtímaávöxtun sjóðsins er góð hvort sem horft er til 5, 10 eða 20 ára. Árleg raunávöxtun á þessu tímabili hefur verið á bilinu 3,8-3,9% sem er yfir langtímamarkmiði um 3,5% árlega ávöxtun. Nafnávöxtun séreignar á síðasta ári var neikvæð, bæði í Varfærna (-8,0%) og Áræðna safninu (-9,6%), en árleg meðals nafnávöxtun þeirra er hins vegar verulega jákvæð sé horft til lengri tíma, hvort heldur 2, 5 eða 10 ára.

Nafnávöxtun tilgreindrar séreignar á síðasta ári var neikvæð (-7,5%). Á meðan safnið er að vaxa hlutfallslega mikið á hverju ári má búast við sveiflum í ávöxtun. Árleg nafnávöxtun á þessum fimm árum er jákvæð um 4,5%.

Það sem af er ári 2023 er ávöxtun sjóðsins um 1,8%. Viðunandi ávöxtun er á erlendum eignum en styrking krónu lækkar virði erlendra eigna.

Lykiltölur úr ársreikningi

Breytingar á hreinni eign

	2022	2021
Iðgjöld	16.835	14.711
Lífeyrir	-9.459	-8.295
Hreinar fjárfestingartekjur	-14.971	55.774
Rekstrarkostnaður	-548	-505
Lækkun á hreinni eign	-8.143	61.685
Hrein eign frá fyrra ári	357.554	295.868
Hrein eign til greiðslu lífeyris	349.411	357.554

Efnahagsreikningur í árslok

	2022	2021
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	199.329	208.297
Skuldabréf	139.527	141.779
Afleiðusamningar	0	24
Bundnar bankainnstæður	265	311
Kröfur	1.755	1.370
Ýmsar eignir	265	274
Handbært fé	8.373	5.602
Skuldir	-104	-104
Hrein eign til greiðslu lífeyris	349.411	357.554
Hrein eign tryggingadeildar	341.131	348.662
Hrein eign séreignardeildar	7.732	8.420
Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar	548	472
Tryggingafræðileg staða	-5,1%	-4,7%
Nafnávöxtun	-4,2%	18,5%
Hrein raunávöxtun	-12,6%	12,8%

Ársfundur

Ársfundur Stapa fer fram í Menningarhúsinu Hofi Akureyri, miðvikudaginn 3. maí kl. 14:00. Á dagskrá eru hefðbundin ársfundarstörf. Á fundinum verða lagðar fram tillögur til samþykktarbreytinga m.a. mótvægisáðgerðir vegna nýs spálíkans um lífslíkur.

Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum sem geta einnig fylgst með fundinum í streymi en skráning fer fram á vefsíðu sjóðsins.

Nánari upplýsingar á stapi.is.

Ársskýrsla

[Ársskýrsla Stapa](#) vegna ársins 2022 er komin út. Undanfarin ár hefur skýrslan verið í formi vefsíðu sem er bæði umhverfisvænt og hagkvæmt.



Skattfrjáls ráðstöfun framlengd

Ríkisstjórn Íslands kynnti í desember sl. aðgerðir til að styðja við markmið nýgerðra kjarasamninga. Ein af þessum aðgerðum er framlenging skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignar inn á lán vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Framlengingin krefst breytinga á lögum og er til meðferðar hjá Alþingi en sú skattfrjálsa ráðstöfun sem nú er í gildi rennur út þann 1. júlí nk. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir framlengingu til ársloka 2024.

Úrræðið hefur áður verið framlengt og þá þurfti að sækja um áframhaldandi ráðstöfun á vefsíðu Skattsins. Það má búast við að sama fyrirkomulag verði áfram og hvetjum við því sjóðfélaga til að fylgjast með framvindu málsins. Við munum að sjálfsgöðu birta frétt á vefsíðu Stapa þegar málið hefur verið afgreitt frá Alþingi.



Kaup á fyrstu íbúð - breytingar á lögum

Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á lögum [nr. 111/2016](#) um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð sem varða bæði séreign (viðbótarlífeyrissparnað) og tilgreinda séreign.

■ Séreign - Breyting á úrræði

Rétthafa séreignarsparnaðar, sem ekki hefur verið eigandi að íbúðarhúsnæði síðastliðin fimm ár áður en sótt er um ráðstöfun, er heimilt að nýta sér úrræði laganna að uppfylltum öðrum skilyrðum þeirra.

■ Tilgreind séreign - Nýtt úrræði

Frá 1. janúar 2023 verður hægt er að nýta tilgreinda séreign til fyrstu íbúðarkaupa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Nýtingin er ekki háð því að rétthafi greiði í viðbótarlífeyrissparnað en ef rétthafi gerir það skulu þau iðgjöld, að meðtöldu mótframlagi launagreiðanda, fullnýtt áður en hægt er að nýta tilgreinda séreign.



Unnið er að útfærslu á framkvæmdinni hjá Skattinum en skv. reglugerð verður hægt að greiða tilgreinda séreign inn á lán einu sinni á ári, að loknu almanaksári, en sækja þarf um ráðstöfunina hjá Skattinum.

Nánari upplýsingar um þessar breytingar er að finna í [reglugerð](#) um stuðning til fyrstu kaupa.

Stapi skilar ekki auðu

Í ljósi nýlegrar umræðu um framkvæmd starfskjarastefnu skráðra innlendra hlutafélaga og aðgerða hluthafa er rétt að minna á að Stapi hefur frá árinu 2018 upplýst á vefsíðu sinni um [ráðstöfun atkvæðisréttar](#) á hluthafafundum skráðra innlendra hlutafélaga.

Þar má meðal annars sjá að í fyrra hafnaði sjóðurinn í fjórum tilvikum tillögum stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu eða kaupréttum starfsmanna þar sem þær samrýmdust ekki hluthafastefnu sjóðsins.

Stapi mun eftir sem áður veita þeim félögum sem hann fjárfestir í aðhald og koma á framfæri ábendingum um hvað megi betur fara í framkvæmd starfskjarastefnu og stjórnarháttum. Slíkt getur sjóðurinn gert með ráðstöfun atkvæða eða bókunum á hluthafafundum, samskiptum við stjórn félaga eða sölu á eignarhluta í viðkomandi félögum.


Ítarlegri frétt var birt á [vefsíðu Stapa](#) þann 7. mars sl.



Breyting á birtingu sjóðfélagayfirlita

Í haust einföldum við birtingu yfirlita þar sem meginreglan verður rafræn birting undir *Skjöl* á [sjóðfélagavef Stapa](#).

- Sjóðfélagi getur áfram óskað eftir að fá yfirlit í bréfaþósti undir *Mínar upplýsingar* á sjóðfélagavef eða með því að hafa samband við sjóðinn.
- Yfirlit verða áfram birt tvisvar á ári, að vori og hausti en upplýsingar um iðgjaldagreiðslur eru ávallt aðgengilegar á vefnum.
- Ef þú skráir inn netfang í *Mínar upplýsingar* á sjóðfélagavef sendum við þér tölvupóst í hvert sinn sem nýtt yfirlit er sett á vefinn.



Á [sjóðfélagavef](#) er alltaf hægt að fylgjast með greiddum iðgjöldum og réttindaávinnslu. Mikilvægt er að skoða hvort:


- Iðgjöld sem dregin eru af launum skila sér til sjóðsins.
- Mótframlag launagreiðanda er rétt.
- Ávöxtunarleið séreignar er í samræmi við val sjóðfélaga.

Réttindasjóður byggir á greiðslum sem skila sér til sjóðsins og mikilvægt að hafa samband við Stapa ef iðgjöld vantar frá launagreiðanda.

Staða mála varðandi ÍL-sjóð

Í október sl. kynnti fjármálaráðherra niðurstöður skýrslu um stöðu ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóður) þar sem fram komu hugmyndir um slitameðferð og uppgjör á skuldbindingum sjóðsins. Daginn eftir umrædda kynningu fjármálaráðherra voru íbúðabréf sett á athugunarlista í Kauphöll Íslands vegna óvissu um útgefandann og verðmyndun bréfanna. Í framhaldinu áttu sér stað viðskipti með bréfin sem leiddu til þess að markaðsvirði þeirra lækkaði umtalsvert.

Heildarfjárhæð íbúðarbréfa í eignasafni Stapa nam um 32 mö. kr. þegar fjármálaráðherra kynnti hugmyndir sínar. Í framhaldi af umræddum kynningarfundum lækkaði virði bréfanna um 4,4 ma. kr. (13,6%). Áhrif lækkunar bréfanna á ávöxtun tryggingadeildar Stapa var neikvæð sem nemur um 1,3% af heildareignum. Neikvæð áhrif á séreignarsöfn voru 2,0% í Varfærna safninu, 1,8% í Áræðna safninu og 0,7% í tilgreindri séreign.



Stapi á aðild að sameiginlegum vettvangi lífeyrissjóða vegna málsins. Sjóðurinn hefur sjálfur og á sameiginlegum vettvangi lífeyrissjóða aflað lögfræðialita sem staðfesta að fyrirhugaðar aðgerðir fjármálaráðherra eru andstæðar eignarréttarákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Í því ljósi eru forsendur lífeyrissjóða fyrir viðræðum við fjármálaráðherra að uppgjör skuldabréfa ÍL-sjóðs miði við fullar efndir skv. skilmálum þeirra.

Samtöl við sérskipaðan milligöngumann fjármálaráðherra á þeim nótum vegna málsins hafa ekki skilað árangri. Komi til þess að Alþingi samþykki afturvirk lög líkt og fjármálaráðherra hefur boðað gerir sjóðurinn ráð fyrir að sækja bætur fyrir tjón sem slík lagasetning kann að valda.

Umframséreign

Um síðastliðin áramót urðu þær lagabreytingar að útgreiðsla séreignar sem byggir á skyldubundnu iðgjaldi, þ.e. séreign sem ekki er hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnaður, telst til tekna við útreikning á ellilífeyri og tekjutryggingu örorkulífeyris frá Tryggingastofnun. Hjá Stapa snertir þetta fyrst og fremst þá sem eiga tilgreinda séreign hjá sjóðnum, en einnig nokkra aðra þar sem kjarasamningsbundnu iðgjaldi, umfram hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað, hefur verið vísað í séreign. Haldið er utan um þá séreign sérstaklega og er hún kölluð “umframséreign” á sjóðfélagayfirlitum.

Flokkun séreignar í umframséreign er ekki lokið, hvað varðar iðjaldagreiðslur sem borist hafa fram til ársins 2023. Því mega þeir sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjald í séreign hjá Stapa, umfram hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað, eiga von á afturvirkri uppskiptingu en yfirlit verða send þegar að því kemur og sjóðfélögum gefinn kostur á að gera athugasemdir.



Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Stapi býður verðtryggð lán gegn veði í íbúðarhúsnæði í eigu sjóðfélaga. Hægt er að fá lán með föstum eða breytilegum vöxtum.

- Hámarkslán kr. 70.000.000.
- Við kaup á fasteign miðast lánshlutfall við kaupverð.
- Við endurfjármögnun miðast lánshlutfall við nýjasta fasteignamat (2023).
- Fastir vextir eru 2,7% og haldast óbreyttir út lánstímann.
- Breytilegir vextir eru 2,1% (apríl 2023).
- Upplýsingar um lánsrétt eru á vef sjóðfélaga.
- Einfalt rafrænt umsóknarferli.

Allar nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á vefsíðu sjóðsins en fyrirspurnir má einnig senda á lan@stapi.is.





Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00.

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is